

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Miðtónfræði M1 - númer

Vorönn 2024

Kennari: Ívar Aðalsteinnsson

Forkröfur: Haustönn M1

Hæfniprep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Haldið áfram að vinna með efni haustannar og rifjuð upp greining tónbila stærri en áttund, dúr og mollskalar, kirkjutóntegundir, og aðrir tónstigar, ítölsk orð og stílskeið tónlistarsögunnar. Ennfremur eru tónhvörf kynnt til sögunnar, þríhljómar og hinar fjórar gerðir þeirra, grunnstaða og hljómhvörf, og heimahljómaröðin í dúr og moll. Þá er farið í mism. C-lykla og greiningu nótna í þeim, tónflytjandi hljóðfæri og tengdan tónflutning, og taktritun í algengustu takttegundum, einföldum og samsettum. Söng- og hrynlestur er æfður með viðlíka æfingum og á haustönninni en eilítið margbrotnari. Hið sama gildir um lag- og hrynpuprit og haldið er við og eflað þekking á tónbilum eftir heyrn, blæ hljóðfæra og formgreiningu.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á tónhvörfum, þríhljómunum og hinum fjórum gerðum þeirra, grunnstöðu og hljómhvörfum, og heimahljómaröð í dúr og moll. Hann skilji nótnarritun í mism. C-lyklum, viti um algengustu tónflytjandi hljóðfæri og tengdan tónflutning, og taktritun í algengustu takttegundum, einföldum og samsettum. Þá efli hann betur þekkingu á atriðum sem hann hafði kynnt á haustönninni, þ.e. greiningu tónbila stærri en áttund, dúr- og mollskölum, kirkjutóntegundum og öðrum tónstigum, ítölskum orðum, og stílskeiðum tónlistarsögunnar.

#### Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að greina og skrá og þríhljóma í grunnstöðu og hljómhvörfum, tónhvörf, heimahljómaröð í dúr og moll og nótur í mism. C-lyklum. Hann geti tónflutt laghendingar í þá tóntegund sem algengustu tónflytjandi hljóðfæri þurfa að vera í miðað við hljómandi tóntegund. Honum sé töm þjálkun slaga í mismunandi takttegundum, einföldum og samsettum og færni hans er eflað enn frekar í þeirri tónfræði sem farið var í á haustönninni. Tónheyrn er þjálfuð á svipuðum nótum og á haustönn, viðfangsefnið er ekki ósvipað en krefst eilítið fjölbættari leikni. Hér er átt við sem fyrr sönglestur í dúr og hljómh. moll, hrynlestur bæði í einf. takttegundum og 6/8 m.a. með punkteringum og synkópum, upprit á laglínu og takti eftir heyrn, og greiningu á tónblæ og formi tónsmíðar, og flokkun tónþema eftir stílskeiðum.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við dægur- og þjóðlagatónlist þar sem notkun kirkjutóntegunda kemur gjarna fyrir, synkópur og fleira. Einnig telst nemandi nú hæfur til að fara í næsta áfanga M2

### Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg tónheyrnarverkefni		80%
Hrynlestur		10%
Sönglestur		10%

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (3. – 5. jan 2024)	Nám og námsefni vorannar kynnt og skipulag þess. Upprifjun efnis frá haustönn	
2. vika (8. – 12. jan. 2024)	Frekari upprifjun á efni frá haustönninni. Kirkjutóntegundir, pentatónskalar, heiltónaskalar og krómatískur skali rifjaður upp.	
3. vika (15. – 19. jan 2024)	Tónhvörf kynnt og farið í æfingar með tónhvörfum. Í framhaldi af tónheyrninni á haustönn eru sungin stutt einföld dúrlög og hrynlesnar stuttar æfingar í einföldum takti. Greining tónbila, sem ýmist eru leikin upp eða niður á við, eftir heyrn.	
4. vika (22. – 26. jan 2024)	Enn farið í tónhvörf og en líka æfð ritun tónstiga annarra en dúr og moll eins og gert var á haustönn. Hrynlestur í einföldum taktegundum og 6/8 þar sem punkteringar og synkópur geti komið fyrir. Sönglestur í dúr og hljómhæfum moll.	
5. vika (29. jan – 2. feb 2024)	Farið í þríhljóma og byggingu þeirra. Æfingar í að þekkja mismunandi þríhljóma á blaði og skrifa þá upp. Haldið áfram við tónheyrnaræfingar í framhaldi af fyrri æfingum.	
6. vika (5. – 9. feb 2024)	Haldið áfram með þríhljóma og hvernig má byggja þá frá mism. nótum. Lag- og hrynnuprit eftir heyrn æfð, þar sem tónefnið tekur mið af því sem er æft í söng- og hrynnlestri.	
7. vika (12. – 16. feb 2024)	Helstu stílskeið tónlistarsögunnar og einkenni þeirra skoðuð og frægustu tónskáld þeirra, eins og gert var á haustönn. Nemendur reyna að þekkja eftir heyrn þau stílskeið sem tilheyra tóndæmunum. Tónheyrn þjálfuð í framhaldi af þeirri sem verið var að æfa.	
8. vika (19. – 23. feb 2024)	Þríhljómar og hljómhvörf þeirra könnuð. Niðurskrift hljómhvarfa æfð. Hnykkt á allskyns atriðum úr námi vetrarins.	
9. vika (26. feb.– 1. mars 2024)	Farið aftur í þríhljóma og hljómhvörf þeirra. Upprifjun og frekari þjálfun á allskyns efni úr undangengnu námi.	
10. vika (4. – 8. mars 2024)	Heimahljómaröð í dúr og hljómhæfum moll skoðuð og skráð niður. Skráning hljóma eftir rómverskum tölum útkýrð. Endurlit á það sem	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

	áður hefur verið lært.	
11. vika (11. – 15. mars 2024)	Farið aftur í heimhljómaröðina ásamt upprifjun á allskyns efni úr undangengnu námi vetrarins. Tónflytjandi hljóðfæri útskýrð og æfður tónflutningur fyrir þau svo þau hljómi í þeirri tóntegund sem skyldi.	
12. vika (18. – 22. mars 2024)	Hlustað eftir tóni og blæ hljóðfæra, fleiri en þeirra allra algengustu. Tónn þeirra greindur eftur heyrn. Hrynlestur og hryndiktat og sönglestur og laglínudiktat, í framhaldi af því sem áður var gert. Tónflytjandi hljóðfæri skoðuð frekar og sá tónflutningur sem tengist þeim.	
13. vika (25. – 29 mars. 2024 )	Páskafrí	
14. vika (2. – 5. apríl 2024)	Taktrítun skoðuð og nemendur þjálfaðir í að þekkja mun á einföldum og samsettum takti eftir því hvernig slög eru skráð og þjálfuð. Takttegundir með hálfnotu sem slag kannaðar. Tónbil greind eftir heyrn, leikin upp á við og niður a við og önnur tónheyrn þjálfuð.	
15. vika (8. – 12. apríl 2024)	Hinir ýmsu C-lyklar skoðaðir með áherslu á víólulykil. Nótnaritun með áttundaheitum æfð í þeim. Endurlit og endurþjálfun á því sem áður hefur verið lært.	
16. vika (15. – 19. apríl 2024)	Unnið með takttegundir og greiningu þeirra með ýmsum skriflegum æfingum. Endurlit og endurþjálfun á því sem áður hefur verið lært.	
18. vika (22. – 26. apríl 2024)	Upprifjun og frekari þjálfun á allskyns efni úr undangengnu námi. Sýnispróf skoðað	
19. vika (29. apríl – 3. maí 2024)	Próf úr efni vorannar	Próf